

Vissir þú: að á árinu 2022 var alls um 164 milljónum varið í viðhald leikskóla.

Vissir þú: að á árinu 2022 var um 54 milljónum varið í að laga leikskólalóðir.

## HAFNARFJARÐARBÆR

### Leikskólar

Viðhald fasteigna  
Ársskýrsla 2022

Vissir þú: að á árinu 2022 var um 10 milljónum varið í að bæta hljóðvist í leikskólum.

Vissir þú: að á árinu 2022 var um 6,3 milljónum varið í að bæta aðgengismál fatlaðra í leikskólum.

Vissir þú: að á árinu 2022 var um 8 milljónum varið í að bæta loftræstingu í leikskólum.



## EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b> .....	4
<b>Arnarberg</b> .....	6
<b>Álfaberg</b> .....	8
<b>Álfasteinn</b> .....	10
<b>Bjarkarvellir</b> .....	13
<b>Hjalli</b> .....	15
<b>Hamravellir</b> .....	18
<b>Hlíðarberg</b> .....	20
<b>Hlíðarendi</b> .....	23
<b>Hraunvallaleikskóli</b> .....	25
<b>Hvammur</b> .....	28
<b>Norðurberg</b> .....	31
<b>Skarðshlíðarleikskóli</b> .....	34
<b>Smáralundur</b> .....	35
<b>Stekkjars</b> .....	37
<b>Tjarnarás</b> .....	40
<b>Vesturkot</b> .....	42
<b>Víðivellir</b> .....	44

## INNGANGUR

Skýrslan var unnin haustið 2022 og er samantekt (stöðumat) yfir viðhaldspörf fyrir leikskóla Hafnarfjarðarbæjar. Ekki er í stöðumatinu reiknað með verðlags- eða vísitölubreytingum fyrir komandi ár, sem og er ekki gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna aukinna skemmda á eignum sem verður til vegna frekari frestunar á viðhaldi.

Gert er ráð fyrir að skýrslan veiti innsýn í viðhaldspörf sveitarfélagssins og verður þannig innlegg til fjárhagsáætlunargerðar og undirbúning fyrir bæinn.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 var áætlað í viðhaldskostnað um 466 milljónir. Af þessum fjármunum voru áætlaðar um 69,9 milljónir til viðhalds leikskólamannvirkja (ca. 20% alls fjármagns).

Á árinu 2022 var ráðist í rúmlega 354 viðhaldsverkefni í leikskólum og voru verkefni af mismunandi stærðargráðum. Um 191 aðilar (verktakar/kennitölur) tengjast viðhaldi skóla og leikskóla á árinu. Megin áhersla varðandi viðhaldsverkefni, hefur legið í verkefnum tengdum lekavandamálum og fyrirbyggjandi viðhaldsverkefnum. Á árinu 2022 hefur ennfremur verið lögð umtalsverð áhersla á að bæta og laga leikskólalóðir, bæta aðgengi fatlaðra, bæta loftgæði og hljóðvist svo nokkuð sé nefnt. Ef ekki er hugað að fyrirbyggjandi viðhaldi, sem og fara sem fyrst í viðgerðir á t.d. lekum, verður kostnaður við einstakar framkvæmdir oft margfalt dýrari en þörf er á. Meðal annars vegna þessa, þarf að taka kostnaðarmat framkvæmda í skýrslunni með ákveðnum fyrirvara.

Í skýrslunni eru upptalin brýnustu viðhaldsverkefni fyrir hverja eign. Upptalning verkefna í skýrslunni er ekki tæmandi og afar líklegt að mörg ný verkefni koma upp í vetur og á næsta ári. Óvissan í fjárþörf er því umtalsverð vegna framkvæmda á komandi ári.

Gróft viðhaldsmat (þörfin) fyrir leikskóla, næstu 3 ár, er áætluð um **300 milljónir**.

Fyrirséð viðhaldspörf á leikskólamannvirkjum bæjarins er mikil. Ástæðan fyrir fjárþörfinni má fyrst og fremst rekja til skorts á fjármagni sem varið var í viðhaldsframkvæmdir árin eftir hrun.

Hægt er að reikna raun viðhaldspörf fyrir allar eignir bæjarins í sögulegu samhengi. Uppsöfnuð viðhaldspörf frá 2008 gæti legið á bilinu 2- 2,5 milljörðum króna fyrir allar eignir bæjarins. Raunþörfin á viðhaldsfé er fundin með að nota 0,85% af fasteignamati (% sem er í lægri kanti) eignar. Með að uppfæra viðhaldsfé m.t.t. byggingarvísitölu fæst þannig raunþörf á fjármagni í viðhald á ári fyrir eignasafnið. Fjárhagsáætlanir síðastliðinna ára að frádreginni raunþörf auk vísitölu sýnir heildarskortinn á fjármagni í viðhald. Í þeim tölunum er ekki tekið tillit til nýrra eigna sem hafa komið inn síðastliðin ár s.s.

Viðhaldsskipting næsta ár	2023
Arnarberg	6.000.000
Álfaberg	6.000.000
Álfasteinn	6.500.000
Bjarkarvellir	5.000.000
Garðavellir (Hjalli)	7.000.000
Hamravellir	5.000.000
Hlíðarberg	7.500.000
Hlíðarendi	6.000.000
Hraunvallaleikskóli	6.000.000
Hvammur	7.500.000
Norðurberg	6.000.000
Skarðshlíðarleikskóli	6.000.000
Smáralundur	6.000.000
Stekkjars	7.000.000
Tjarnarás	300.000
Vesturkot	8.000.000
Víðivellir	11.000.000
<b>Samtals</b>	<b>106.800.000</b>
<i>Taflan sýnir áætlað fjármagn deilt á einstaka leikskóla á árinu 2023</i>	



- 2014 bættist við Kaplakriki (fasteignamat viðbót um 2.000 milljónir).
- 2016 bættist við Leikskólinn Bjarkarvellir (fasteignamat viðbót um 650 milljónir).
- 2017 bættist við St. Jósefsspítali.
- 2017 bættist við Suðurgata 14 (Skattstofan).
- 2017 bættist við Keilir.
- 2018 bættist við Gúttó.
- 2018 bættist við Jólaborpið.
- 2018 bættist við Skarðshlíðarskóli og -leikskóli.
- 2019 bættist við stækkun á Hlíðarenda leikskóla
- 2019 bættist við Sólvangur gamli.
- 2019 bættist við Sólvangur nýi.
- 2019 bættist við Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Bogfimifélagið.
- 2020 bættist við stækkun á Hvammi leikskóla
- 2020 bættist við Sveinssafn Krísuvík.
- 2021 bættist við stækkun á Smáralundi leikskóla
- 2021 bættist við stækkun á Öldutúnsskóla dagvistun barna
- 2022 bættist við stækkun á Hraunvalla leikskóla
- 2022 bættist við stækkun á Vesturkot leikskóli
- 2022 bættist við Tækniskólinn Flatahrauni 14.
- 2022 bættist við Sólvangsvegur 3
- 2022 bættist við stækkun á Hamravöllum leikskóla

Í skýrslunni er ákveðið er að vinna út frá þeim forsendum að það fái um 534 milljónir króna í viðhaldsfé fyrir allar eignir bæjarins á árinu 2023. Taflan hér að neðan sýnir áætlaða skiptingu þess fjármagns í eignahluta.

Áætlað fjármagn 2023	% skipting	Upphæð í Kr.
Skólar	30,0%	160.200.000
Leikskólar	20,0%	106.800.000
Sundlaugar/íþróttahús	20,0%	106.800.000
Annað húsnæði	15,0%	80.100.000
Ófyrirséð	15,0%	80.100.000
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>534.000.000</b>

Í töflunni sést skipting fjármagns sem fer í viðhald á árinu 2023.

Í leikskóla er áætlað að verja, um 20 % af fjármagninu, alls um 106,8 milljónum í viðhaldsmál sem er um 10 milljónir króna aukning frá fyrra ári.

Í skýrslunni er viðhald, fyrir árið 2023, unnin í samvinnu við húsumsjónarmenn og skólastjórnendur. Ekki er gert ráð fyrir í viðhaldsáætlun, nýjum verkefnum sem upp kunna að koma yfir veturinn.

Fyrirhugaðar framkvæmdir og fjármagn getur þannig breyst, innan og milli stofnanna, ef forsendur breytast. Í skýrslunni eru fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu 2023 merktar með rauðu lettri.

## Arnarberg



Heildarviðhaldskostnaður	21 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12003
Heimilisfang	Haukakraun 2
Byggingarár	2003
Flatarmál	650 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	197.100.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins gott. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **15 milljónir** króna. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **21 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss:

- Setja upp nýja geymslu- (starfsmanna)skápa
- Skipta um ljósbúnað
- Laga allar læsingar á útihurðum
- Netlagnir koma inn í rafmagnsskáp, sæmilega snyrtilegt. Þarf að skoða.
- Endurmála vegg, glugga og gluggakistur.
- Laga nettengingu í húsinu
- Yfirfara loftræstingu frá kælum, í rýminu verður of mikill hiti með auknu álagi á kælina.
- Setja dúk á vegg
- Laga flísar

#### Utanhúss:

- Halda áfram að laga leikskólalóðina.
- Lagfæra gróður, beðum á leikskólalóð
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
6.000.000	7.500.000	7.500.000

### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var um 5,5 milljónum varið í viðhald. Þar af fóru um 4,7 milljónir í lóðarframkvæmdir og um 0,8 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu.

Kostnaðarpættir voru m.a.

- Vinna við snjóbræðslukerfi, setja frostlög
- Setja undirskápaljós í kaffistofu kennara, setja undirskápaljós í vinnuherbergi kennara og skipta um dimmer í kaffistofu kennara
- Efni vegna útskipta á ljósum. LED Spennir 24V 40W m/loki, STANDARD 55 Rammi 1-f HV GI,SYSTEM 55 Vippa 1-F HVÍT Glans 71, LED Spennir 24V 20W m/loki, Flex Strip 600-95 Mono 3000k, Prófilcover OVAL 2M FROST mm
- 105 m<sup>2</sup> Gúmmihellur 500x500x4,5 redbrown
- 1 stk Lady bird for 4 gormatæki
- Lappset hringekja
- ProludicJ3338 kastala leiktæki
- Safagras grasgúmmimottur 105 m<sup>2</sup>
- Rennibraut jarðlæg 4 m
- Safagras gúmmimottur 70 stk
- Viðhald á leikskólalóð
- Vinna við leka á ofnalögn og ofni
- Sækja leiktæki
- Skipta um ljós s em hrundi niður í háf, Thunder ECO1525mm 32/47W 4000K ATHECO5/CW
- Málningarvinna, deildin Hamar máluð og viðgerðir á öðrum deildum
- Pússningasandur 4 m<sup>3</sup>, sandur í sandkassa
- VS 0-19mm Reiðstígaefni - ÍST EN 13242
- VS 0-8mm Brotinn sandur

### Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 6 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2022 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

### Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Víða kominn tími á málnun innandyra. Setja dúk á hluta veggja í gangi.

## Álfaberg



Heildarviðhaldskostnaður	29,5 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12001
Heimilisfang	Breiðvangur 42
Byggingaár	1979
Flatarmál	850 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	156.620.018
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins utanhúss er í þokkalegu standi. Innanhúss er kominn tími almennt viðhald. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **25 milljónir** króna. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,5 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **29,5 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss

- Laga hljóðvist á deildum
- Skipta út ljósbúnaði
- Mála gang og fataklefa, skrifstofur
- Skoða möguleika með að loka inn á gang í fataklefa.

#### Utanhúss

- Hjólaskýli við girðingu norðanmegin
- Bæta skjól á eftra svæði
- Klára að ganga frá lóð
- Lagfæra neðra útisvæðið
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
6.000.000	12.000.000	12.500.000

### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 1 milljón í viðhald á eigninni.

Kostnaðarþættir voru m.a.

- Smíða sandkassa og útielhdús





- Vinna við eldhústæki
- Settir upp 12 Kerfislampar 60x60 LED 4100lm á ganga, spennir 37W ON/OFF.
- Vinna við ofna, festingar ryðgaðar í sundur
- Lagfæra girðingu
- TÚNÞÖKUR 140 m<sup>2</sup>


### Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 6 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.


### Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Mála útvegg eftir sprunguviðgerðir. Bera á timburverk.



Mynd. Laga rakasperru í lofti og skipta út ljósum. Mála innandyra gamlir lekastaðir.



Mynd. Skipta út gömlum ljósbúnaði og laga hljóðvist. Setja hjólagerði á lóð.

## Álfasteinn



Heildarviðhaldskostnaður	19 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12015
Heimilisfang	Háholt 17
Byggingaár	
Flatarmál	700 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	203.850.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins gott. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **13 milljónir** króna. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **19 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss:

- Mála innan dyra á deildum, skrifstofu, undirbúningsherbergi og kaffistofu
- Halda áfram að endurnýja gólfduka, ónýtur dúkur á gólfum á tveim deildum ásamt kaffistofu og skrifstofurýmum.
- Skipta um gólfduk á Bergi og Kaffistofu. Klára að setja duk upp á vegg í miðrymi skólans
- Í þvottahúsi eru ummerki um raka í útvegg, laga og mála.

#### Utanhúss:

- Lagfæra lóð og leiktæki, setja rennibraut á lóð
- Fjarlægja beð sem er við inngang skólans, Helluleggja og setja hjólagrindur
- Bera á allt tréverk á húsinu og á lóð
- Finna þarf lausn á regnvatnsrennu sem á að skila regnvatni frá þaki niður í brunn á lóð
- Lagfæra steinklæðningu á geymslu, austanmegin, sem er farin að hrynja af. Sú geymsla er einnig lek en ein lausnin er að setja rennu meðfram vegg og niður í drekaðan jarðveg.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
6.500.000	6.000.000	6.500.000



### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 10,7 milljónum í viðhald á eigninni. Þar af fóru um 7,7 milljónir í lóðarframkvæmdir um 0,3 milljónir fór í bættu hljóðvist og 2,7 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu.

Kostnaðarþættir voru m.a.

- Hljóðvistarefni, RF TROPIC A 600X600X15 104 m<sup>2</sup>
- Laga loftaefni ganga frá
- Blöndunartæki yfirfarin, laga gólfhita, ofnakerfi yfirfarið og gangsett
- Laga út og neyðarlýsingu 3 stk útljós 315/15L
- Skipta um brotinn rofa, Laga út/neyðarlýsingu
- Veðurhlíf RAL 7016 - 2mm ál, Veðurhlíf 1100x900x250
- Leikskólahlið RAL6005
- Laga útihurðir
- Safagras grasgúmmímottur 105 m<sup>2</sup>
- Proludic ungbarnasæti
- Rennibraut jarðlæg 4 m
- Krabba/uppúrtekt á lóð
- Lagfæra leikskólalóð
- Breyta WC fjölga klósettum, setja skiptiborð
- Laga baðherbergi, fíbo baðplötur mm.
- Túnþökur 105 m<sup>2</sup>
- Hellulögn og leggja torf á lóð
- VS 0-19mm Reiðstígaefni
- SKRÚFA 3.5X35 (200) RUSPERT TORX TRÉ, SPÓNAPL 120X250:12MM
- COMPACT 12mm hvítt, fótur, festung U laga
- Framkvæmdir á lóð, efnisflutningar
- UNP 50x38mm 6,1mL galvan húðað
- Vinna við tæki í eldhúsi, og vaskur fyrir börn, vinna við skolrennu, aftengja og setja upp nýja skolrennu.
- Nýtt hlið sett niður og viðgerð á rambeltu
- VS 0-19mm Reiðstígaefni - ÍST EN 13242, 14 m<sup>3</sup>
- Setja upp skilrúm
- Laga loftræstingu, skipta um 2 kílréimar ofl
- Vinna við snjóbræðslu
- flutningur vegna nýrra eldhústækja
- Laga borðplötur og setja sama/upp skápa
- Ymsar viðgerðir á gólfdukk
- Mála skrifstofur og kaffistofu starfsfólks, hluti inni á deildum. Bekkir í fataklefum slípaðir og lakkaðir

### Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 6,5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í teksta hér að framan. Að auki er áætlað að verja í fjárfestingar um 8 milljónum í lagfæringar á leikskólalóð og auka fjölda af hjólagrindum.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Laga ummerki eftir leka í þvottahúsi. Mála girðingu/hlið



Mynd. Geymsla undir palli austanmegin er lek. Steinklæðning á geymslunni er hrinin af að hluta.



Mynd. Regnvatnsrenna annar ekki vatnsmagni frá þaki.



## Bjarkarvellir



Heildarviðhaldskostnaður	16,5 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-1111-12018
Heimilisfang	Bjarkarvellir 2
Byggingarár	2017
Flatarmál	950 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	355.960.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins gott. Húsnæðið er nýlegt en ganga þarf frá ýmislegu sem ekki var gert nægjanlega vel, s.s. lekar við glugga. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **6 milljónir** króna. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **3,5 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **16,5 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss:

- Endurmála vegg innandyra.
- Yfirfara gólfefni, lausar flísar og dúka.
- Laga þurrkherbergi, virka ekki sem slík

#### Utanhúss:

- Laga leka við glugga og hurðar
- Bæta aðgengi fatlaðra
- Skipta um undirlag undir leiktæki
- Hækka grindverk úr yngri garði í þann eldri
- Fjarlægja rósarunna í garði
- Fjarlægja þarf snjóbræðslu úr sandkassa
- Laga niðurföll, ekki rétt staðsett
- Fjarlægja trjákur úr garði ásamt klifurgrind sem er gerð úr drumbum
- Bera á/mála grindverk og palla úti í garði
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
5.000.000	5.500.000	6.000.000

### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 5,2 milljónum í viðhald á eigninni. Þar af fóru um 2,5 milljónir í lóðarframkvæmdir um 2,7 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu.

Kostnaðarþættir voru m.a.

- Útleiðsla í hitaþráðum á þaki, skipt um hitaþræði útleiðsla í brunndælu, tengidós full af vatni skipt um tengidósina og rakaþétt sett í staðinn ídráttur fyrir hitaþráð. HITASTRENGUR 2M FROSTVAKT 10W M/KLÓ 8960422 20W
- Hitaþráður á þaki finna útleiðslu, skipta um hitaþráð, Bilunargreina hurðarpumpur úti
- Sýjur. EcoEl Eco 450x480x90x 2 stk, HiFlo 0160 393x792x640-8-26, 8 stk
- Síuskipti í loftræstingu
- Viðgerðir og merkingar á hurðarpumpum, Hurðarpumpur voru rangt stilltar,
- Laga girðingu
- Dog gormatæki, Lady bird for 4 gormatæki, Carousel / hringekja
- TÚNPÖKUR 140 m<sup>2</sup>
- Vélavinna á lóð
- Rífa upp klæðningu, klæða og þétta, bólusetja vegna leka með gluggum og hurðum
- Málningarvinna, mála skrifstofur, gang hjá skrifstofum, neðri hluti salar, tvö herbergi inn á deildum og lekaviðgerðir víað á deildum
- Múra og laga vegna leka með gluggum og hurðum
- Ónýtur mótrolki í gólfhitakerfi, laga ljósastaur og skoða lagnir á lóð sem búið var að grafa í sundur
- Carousel / hringekja

### Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

### Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Meta þarf hvernig til tókst að laga leka með gluggum og útihurðum.

## Hjalli



Heildarviðhaldskostnaður	14 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12007
Heimilisfang	Hjallabraut 55
Byggingaár	1989
Flatarmál	1097 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	215.100.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins sæmilegt. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **8 milljónir** króna. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **14 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss:

- Endurmála vegg.
- Bæta aðgengi fatlaðra um útihurðar.
- Ganga frá lögnum í vegg fyrir brunaslöngu.
- Í leikstofum parketleggja vegg um meter frá gólfi.
- Laga brotnar gólfplisar í forstofum.

#### Utanhúss:

- Fjarlægð var járngríðing á lóð og hugmyndin er að koma henni fyrir á öðrum stað. Ef það er gert þarf að kaupa staura og steypa niður í hólka.
- Mála þak og laga rennur
- Setja rennu og niðurfall á viðbyggingu.
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
7.000.000	3.500.000	3.500.000

### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 7,6 milljónum í viðhald á eigninni. Þar af fóru um 2,2 milljónir í lóðarframkvæmdir um 5,4 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu.

Kostnaðarþættir voru m.a.

- Sandpokar



- Lagfæra hurðir
- Taka niður ofn og vinna við lka á neysluvatnslögn. Setja ofn inn í skiptiherbergi og leggja að honum. Aftengja tæki í eldhúsi vegna nýrrar elhúsinnréttingar í útihúsi
- Afrif dúkalögn, veggdúkalögn, viðgerðir á gólfdukk
- Ástandsskoðun
- Skipta um undirstykki í glugga og múra, loka vegg á gangi, útbúa sólbekk, skipta um rúðu og læsingar
- Laga hlið og hellulagnir
- Bilanagreining á hitakerfum, loftræsing stopp og gólfhiti kaldur. skipta um thermostat. Sp.r. 7,5kW 100-250V AC/DC 3P, skipta um spólurofa
- Yfirfara ofnakerfi, setja upp ofn og lokafrágangur í eldhúsi. Vinna við setja upp nýjan vask og uppþvottavél
- Hjól fyrir rennihurð 6 stk
- Leggja fyrir örbylgjuofn í nýju innréttingu
- Ýmisleg viðhaldsvinna
- Eldavél Vestfrost - yngri eining
- Viðhald innanhúss
- Moka í burtu mól leggja gúmmihellur
- Sandblönduð mold
- Pússningasandur - Gólf sandur 3 m<sup>3</sup>
- 250 fm Túnþökur
- Setja efni á lóð undir torf
- Ná í gæðamold
- Hluti af öllum deildum málaðar ásamt göngum og vinnuherbergjum alls málað 513 m<sup>2</sup>
- Lagfæra hurðar, sandpokar
- Gluggaviðgerð setja lista
- Viðhald innanhúss
- GIPSFESTING RÓSETTA RAUÐ M/KRÓK, STORMJÁRN-3835 HVÍTT
- Hurðarkrókur 102 mm messing 6071471
- Upphengja krókur einföld 145 x 115 mm – 850
- Pússningasandur - Gólf sandur 4 m<sup>3</sup>
- Steypa C-25/30-25 mm; úti, v/s<0,55
- Skipta um glerlista ofl
- Vinna við að laga lóð
- 4 m<sup>3</sup>, Pússningasandur – Gólf sandur
- Viðhald inni
- TÚNÞÖKUR 105 m<sup>2</sup>
- Laga innréttingar
- Laga rafmagnstöflu skipta greinum á fleiri lekaliða,

### Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 7 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.



**Myndir af viðhaldsverkefnum:**



*Mynd. Laga hljóðvist og skipta ú ljósum í lofti. Laga aðgengi fatlaðra um útihurðar.*



*Mynd. Timburglugga þarf að mála og setja rennu á viðbyggingu.*

## Hamravellir



Heildarviðhaldskostnaður	15 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12017
Heimilisfang	Hvannavellir 1
Byggingarár	2008-2011
Flatarmál	817 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	218.850.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er gott fyrir utan lekavandamál sem hafa verið vegna glugga og hurða. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **9 milljónir** króna. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **15 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarpættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss:

- Endurmála veggi innandyra
- Setja upp gróðurskála við austurgafli vegna leka við hurðar
- Farið verður í endurbætur á gluggum og hurðum vegna lekavandamála
- Gufuofn vegna fjölgunar barna

#### Utanhúss:

- Laga missig í hellulögn á lóð
- Setja upp innkeyrsluhlið
- Stúka af garð með girðingu
- Stækka svæði fyrir yngstu einingu
- Fjölga leiktækjum fyrir yngstu börnin
- Planta trjám á lóð
- Laga lýsingu í garði
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
5.000.000	5.000.000	5.000.000

### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 3 milljónum í viðhald á eigninni. Þar af fóru um 2,6 milljónir í lóðarframkvæmdir um 0,4 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu. Að auki var ráðist í fjárfestingu í leikskólanum, en bætt var við færanlegum kennslustofum á lóðina alls 196 m<sup>2</sup> stækkun, þ.a. unnt er að fjölga leikskólaplássum á komandi ári.


Kostnaðarþættir voru m.a.

- Hurðalöm Fina 4,0"X4,0"X3mm RF PAR, HURÐARHÚNN NIKKEL 696 Ú/I
- Sandskipti
- Sandur í sandkassa
- Viðgerð á loftflæðinema í samstæðu
- spegill, hlið golflisti
- Límband double tape Tesa 1,5 m. x 19 mm ofl
- ÁLPLATA 1,5x1250x2500mm
- ELLEN Fingurvörn FINPROTECT+50-90 Silfur
- Lappset róla og ungbarnasæti ásamt hreiðri í hreiðurrólu
- Skipta um vatnslás, laga gólfhita og vinna við skolvatnstæki
- Málning laga hlið grunnur
- Málning laga hlið RAL-6005 MOSSY GREEN
- Þétta hurð og glugga
- Setja upp leiktæki, ramba, hlið
- Laga lóð m.a. 110 m<sup>2</sup> grasþökur mold ofl
- Setja upp spegil og hurðar
- Breyta hliði, hurðapumpa
- Laga borð
- Bilanargreina útilýsingu ljós, SÓLÚR / KLUKKA MEMO BT2 BLUETOOTH APP 2x16A. Skipta um sólúr og eins mörgum ljósum og hægt er í gang

### Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í teksta hér að framan. Að auki er áætlað að verja í fjárfestingar umtalsverðu fjármagni vegna stækkunar leikskólans.

### Myndir af viðhaldsverkefnum:



*Mynd. Útihurðir eru úr áli og með eins punkta læsingu. Gluggar eru einnig úr áli en nær allar hurðir og allir gluggar með opnanlegu fagi eru með vandamál.*

## Hlíðarberg



Heildarviðhaldskostnaður	34 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12008
Heimilisfang	Hlíðarberg 1-3
Byggingarár	1992
Flatarmál	659 og 209 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	227.700.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Hlíðarberg er í sæmilegu ástandi utanhúss. Bæta þarf loftræstingu í húsinu sem og ráðast í endurnýjun innanhúss á m.a. ljósbúnaði og dúkum. Utanhúss er búið að yfirfara lóðina að mestu. Á næstu árum þarf að laga járn á þakinu. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **28 milljónir króna**. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **34 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss:

- **Endurmála veggi.**
- Finna lausn á loftgæðum í húsinu en undirþrýstingur myndast í húsnæðinu.
- Í færanlegu kennslustofum þarf að yfirfara gólfefni og gera endurbætur á eldhúsi fyrir starfsmenn, því vinnuaðstaða er ekki góð og neyðarútgöngum hefur verið lokað með kæliskápum.
- **Yfirfara gólfduk víða**
- Gólfduk og hita í gólf í fataklefa
- Hljóðeingra loft og ný ljós á deildar
- **Nýjar útihurðar út í garð**
- einangrun á háalofiti á yfir vatnslagnir
- **Loftræsting á salerni miðdeilda léleg loftun vegna staðsetningar**
- **Endurnýja ljósbúnað í loftum**

#### Utanhúss:

- **Laga grindverk hringum sandkassann**
- Mála þak og flasningar ryðgað og flagnað af máling
- Laga leikfangaskúr á Lóð f miðdeildir byrjaður að fúna
- Setja hellur þar sem beð er við dyr yngri deilda mikill sandur berst inn úr því



- Skipta um ljósbúnað á ljósastaurum
- Yfirfara lóð, girðingar, tæki og annað sem kemur uppá.

### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 9,1 milljónum í viðhald á eigninni. Þar af fóru um 0,3 milljónir í lóðarframkvæmdir um 0,8 milljónir í hljóðvist og 8 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu.

Kostnaðarþættir voru m.a.

- Skipta út fatahólfum
- Hljóðvistarplötur 12 m<sup>2</sup>, RF TROPIC A 600X600X15
- Setja upp hljóðvistarplötur
- Skipta um ljósbúnað. 10 stk. Lampar LED 60x60, Kaleea spennir 35W DALI 10 stk
- Laga útvegg og rennur
- Hurðasegulhaldari 24VDC, skipta um og ná í efni
- Fatahengi Ebba, gólfeining, 5 hólf, hvítt, Fata- og skóhilla EBBA, veggfest, 3 einingar, hvít, Fata- og skóhilla EBBA, veggfest, 4 einingar, hvít
- Birkikrv vl 12/1500x3000
- Flügger Floor Varnish Semi-gloss\_1 L
- jafna undir torf
- Setja upp 4 stk útljós LED IP65 m /augnloki 12 W og eitt 65 W útljós, setja viftu /mótor í skiptiaðstöðu
- Ný blöndunartæki vaskur og sturtutæki
- Laga grindverk
- Skápar, ný fatahólf, laga hurðar/Fataskápar
- 4 stk Snagi króm
- FIX Þéttlæsing m/slúttjárnri
- Skipt um ca. 70 ljósbúnaði í leikskólanum, 3 stk kúplar LED 13W 830, 5 stk kúplar LED 18W 830, 11 stk kúplar LED 24W 830, 24 stk LED ljós þunn 16 W 10-13-16W, 4 stk LED ljós þunn 16 W dimmanleg, 5 stk LED ljós fyrir ofan spegla, 14 stk Paulman Atrian loftljós 16 W 2050 lm, 2 stk útljós LED ip65, 1 stk Guell LED 51 W kastari mm.
- Gert við bilaða lampa
- Mála útihús að utan
- Málningarvinna í eldhúsi
- Setja niður mark, setja upp fataslá
- Laga innréttingar í eldhúsi og búri
- Bekkir
- 

### Áætlað viðhald á árinu 2023

Á árinu 2023 er áætlað að verja um 7,5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2023 er merkt með rauðu í teksta hér að framan.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
7.500.000	13.000.000	13.500.000





Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Skipta út loftljósum. Bæta þarf loftræstingu í húsinu, sérstaklega í fataklefum



Mynd. Rið er komið í kjöl og flasningar á þaki. Laga þarf hljóðvist

## Hlíðarendi



Heildarviðhaldskostnaður	15 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-12011
Heimilisfang	Úthlíð
Byggingaár	1997
Flatarmál	640 m <sup>2</sup>
Fasteignamat	211.300.000
Tegund húsnæðis	Leikskóli

### Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Á heildina litið er ástand húsnæðisins í nokkuð góðu ástandi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **9 milljónir króna**. Ef miðað er við 1% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **15 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

#### Innanhúss:

- Endurmála veggj. Málning á Birkilundi/Reynilundi, forstofu og milliherbergi
- Bæta loftræstingu í skólanum
- Taka niður vaska í geymslum innan deilda og byggja utan um svefndýnur barna
- Hljóðvist þarf að laga á nokkrum stöðum
- Flúrljós eru farin að gefa sig á nokkrum stöðum og þarfnast endurnýjunar
- Komið að endurnýjun fatahólfa

#### Utanhúss:

- Þakjárn þarf að yfirfara, skotrennur og rennur eru mikið ryðgaðar og skipta þarf um nokkrar festingar.
- Yfirfara þakrennur
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2023	2024	2025
6.000.000	4.500.000	4.500.000

### Framkvæmdir 2022.

Á árinu 2022 var varið um 6 milljónum í viðhald á eigninni. Þar af fóru um 2,3 milljónir í lóðarframkvæmdir um 1,8 milljónir í hljóðvist og 1,9 milljónir í aðrar breytingar og viðhaldsmál á húsnæðinu. Kostnaðarþættir voru m.a.




- Bilanaleit á útilýsingu, skipt um segulrofa og sólúr
- 80,6 m<sup>2</sup> hljóðvistarplötur RF TROPIC A 600X600X15 og leiðarar
- Hljóðvistarplötur 46 m<sup>2</sup>, RF TROPIC A 600X600X15
- Setja upp kerfisloft í stofur
- Nýr Ljósþúnaður í loft vegna ísetningar hljóðvistar
- 30 stk Kaleea 595x595 LED lampi settir upp, 18 stk Kaleea spennar 35 W DALI og 12 stk 37W ON/OFF
- 2 stk sýjur Hiflo ePM1 60 555x480x520-10-25
- Neyðarljós GR 291. Vegna nýskráningar neyðarljósa
- Setja músanet hringum hús, rífa frá plötur
- 750 m<sup>2</sup> túnpökur
- Leggja gúmmíhellur hringum leiktæki
- Timbur Fura alhefl 27x145 ab-gagnv – 330
- Skipta um eldhústæki og vinna við WC
- FÚGULÍM 534 PU 310ML GRÁTT
- INNTAK F/TANK ¾
